



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

UMHV2UU05
Umhverfisfræði

Kennari:	Ester Ýr Jónsdóttir (EÝJ) ester@fsu.is
----------	-----------------------------------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum, sem ætlaður er nemendum af öllum námsbrautum, er lögð áhersla á að nemendur verði meðvitaðri um þátt einstaklingsins í umhverfisvernd. Nemendur kynnst aðferðum til að áætla áhrif breyttra lífnaðarháttanna á umhverfið og leitast er við að auka ábyrgðartilfinningu einstaklingsins gagnvart sínu nánasta umhverfi sem og umhverfisins á hnattvísu. Nemendur kynnst helstu umhverfisáskorunum sem við glímum við í heiminum. Fjallað verður um mengun, veðurfarsbreytingar, dýr í útrýmingarhættu og auðlindaþurrð. Kynnt verða hugtökin „burðargeta“ og „sjálfbærni“, og hugtökin tengd fjölgun mannkyns og aðstæðum á Jörðinni. Enn fremur verður fjallað um sjálfbæra auðlindanýtingu. Í áfanganum er leitast við að auka hæfni nemanda í að túlka gögn sem tengjast umhverfismálum á gagnrýninn hátt. Gert er ráð fyrir að nemendur vinni með gögn sem tengjast umhverfismálum. Nemendur verða hvattir til að velta því fyrir sér hvað móti tengsl manns og náttúru. Fjallað verður um muninn á hagrænum og fagurfræðilegum verðmætum og nemendur hvattir til að velta því fyrir sér hvað hafi áhrif á verðmætamat hvers og eins og mat á verðmætum í náttúrunni.

Undanfari:

UMHV1SU05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- fjölbreyttum leiðum einstaklingsins til vistvænna lífnaðarháttanna
- hugtökunum burðargeta (e. carrying capacity) og sjálfbærni (e. sustainability) og hvernig þessi hugtök tengjast nýtingu náttúruauðlinda og fjölgun mannkyns
- hlýnun Jarðar, þ.e. orsökum, afleiðingum og ábyrgð einstaklings
- muninum á hagfræðilegu og fagurfræðilegu verðmætum í tengslum við nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- endurnýta endurnýtanlegan efnivið og endurvinna sorp í þeim tilgangi að minnka sorp sem þarf að farga
- meta áhrif hversdagslegra athafna á umhverfið, m.a. með því að nýta sér hugtakið „vistspor“ (e. ecological footprint)
- fjalla um umhverfismál út frá hagfræðilegum og fagurfræðilegum sjónarmiðum

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- minnka ágang á náttúruauðlindir með vistvænni lífnaðarháttum en áður
- minnka magn urðaðs sorps með því að endurnýta og endurvinna það sem hægt er
- túlka á gagnrýninn hátt upplýsingar sem tengjast umhverfismálum
- vera virkur þátttakandi í umræðu um umhverfismál

Námsefni:

- Allt námsefni í Innu og á netinu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf
34.	21. ágúst - 1. september	<ul style="list-style-type: none"> - Námsáætlun áfangans kynnt. - Viðfangsefni umhverfisfræðinnar, staða umhverfismála í mismunandi löndum og bakgrunnur. - Plastlaus september. 	
35.	4.-8. september	<ul style="list-style-type: none"> - Frumkvöðlar, fyrstu deilur um umhverfismál. Staðbundnar áskoranir í umhverfismálum. - Verkefni þar sem nemendur fjalla um umhverfisslys af mannavöldum. - Plastlaus september. 	
36.	11.-15. september	<ul style="list-style-type: none"> - Sameiginlegt andrúmsloft og sameiginleg mengun. - Gróðurhúsaáhrif: Loftslagsbreytingar af mannavöldum og eldsneyti í samgöngum, horft til framtíðar - Plastlaus september. 	
37.	18.-22. september	<ul style="list-style-type: none"> - Eyðing ósonlagsins. - Plastlaus september. - Dagur íslenskrar náttúru 16.9. 	
38.	25.-29. september	<ul style="list-style-type: none"> - Regnskógarnir: Lungu jarðar. - Plastlaus september. 	Annarpróf I
39.-40.	2.-13. október	<ul style="list-style-type: none"> - Hafið: Súrnun sjávar og fleira. - Líffræðileg fjölbreytni. 	
41.	16.-20. október	<ul style="list-style-type: none"> - Hnignun vistkerfa og vistheimt. „Að lesa og lækna landið“. - Haustfrí 12.-13. október. - Miðannarmat, lokaskil fös. 20. okt. 	
43.	23.-27. október	<ul style="list-style-type: none"> - Dýr og plöntur í útrýmingarhættu. - Válistar. - Alþjóðasamningar um náttúru og menningarumhverfi. 	
44.	30. október - 3. nóvember	<ul style="list-style-type: none"> - Sorp, rangir hlutir á röngum stað. 	
45.	6.-10. nóvember	<ul style="list-style-type: none"> - Sorpmál í nærumhverfi, hvernig er hægt að minnka úrgang og neyslu? - Vistspor og burðargeta. 	
46.	13.-17. nóvember	<ul style="list-style-type: none"> - Fólksfjölgun. - Jörðin og við. 	
47.	20.-24. nóvember	<ul style="list-style-type: none"> - Að hugsa á heimsvísu og framkvæma heima fyrir og á ábyrgð okkar. 	

		- SJÁLFBÆR ÞRÓUN.	
48.-49.	27. nóvember - 1. desember	- Olnbogaráými. - Síðasti kennsludagur mið. 6. des.	Annarpróf II Námsmat
49.-51.	4.-6. desember	- Lokanámsmat hefst fim. 7. des. - Sjúkrapróf fim. 14. des. - Brautskráning fim. 21. des.	

Verkefnaskil

Nemendur vinna ýmis verkefni samhliða yfirferð námsefnis. Verkefnin eru misstór, vega mismikið og eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Skilaskylda er á verkefnum. Eftir skiladag reiknast engin einkunn fyrir verkefni. Sjá nánari leiðbeiningar á Innu. Á önninni verða tvö próf. Mæti nemandi ekki í próf á tilsettum tíma skal hann taka það á prófatíma í lok annar þ.e.a.s. hafi hann verið löglega forfallaður. Skila þarf vottorði til kennara ef nemandi mætir ekki í annarpróf vegna veikinda.

Sérreglur áfangans

Til að standast áfangann verða nemendur að ná einkunninni 4,5 að meðaltali á verkefnum og á annarprófum og skila öllum verkefnum.

Nánari upplýsingar um tímasetningu og vægi verkefna og prófa birtast jafnt og þétt í Innu.

Ef nemandi þarf að fara úr tíma og er fjarverandi lengur en í 10 mínútur þá er það skráð sem fjarvist (F) fyrir tímann. Notkun tölvu/síma við námið er mikilvæg alla önnina, en notkun tölvu eða síma í tölvuleiki og spjall á netinu í kennslustund er ekki liðin og jafngildir það fjarvist (F). Fjarvist verður gefinn **án aðvörunar** ef kennari verður var við að sími/tölva er notuð í annað en það sem við kemur námi. Nemendur 20 ára og eldri (fæddir 2004 eða fyrr) skulu í upphafi annar gera samning við kennara varðandi mætingu og verkefnaskil. Standi nemandi ekki við samninginn á hann á hættu að verða vikið úr áfanganum.

Námsmat:

Í áfanganum verður leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Nemendur munu því jafnt og þétt yfir önnina njóta markvissrar leiðsagnar kennara með það að leiðarljósi að efla vinnubrögð og færni í umhverfisfræði.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Annarpróf	2 próf á önninni, 15% hvert	30%
Verkefni	Fjölbreytt einstaklings- og hópverkefni, skilaskylda	60%
Ástundun	Virgni og frumkvæði	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Ég hlakka til að vinna með ykkur!

Selfossi, 21. ágúst 2023

Ester Ýr Jónsdóttir